

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 192/2002 um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

1. gr.

3. mgr. 1. gr., sbr. auglýsingu nr. 465, 27. júní 2002, orðist svo:

Þrátt fyrir bannið í 1. mgr. er heimilt að flytja inn frá Kína heilan fisk, slægðan og hausaðan og flök af alaskaufsa, þorski, karfa, kolmunna, grálúðu, ýsu, síld, sandkola, lindýrum (*cephalopods*), skarkola og kyrrahafslax, sem veiddir eru í sjó að því tilskildu að 20% hvernar sendingar sé skoðað á landamærostöð og rannsakað með tilliti til efnaleyfa. Þessi skoðunarskylda gildir til 30. september 2002. Þetta á líka við um flök af laxi.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. ágúst 2002.

F. h. r.

Snorri Rúnar Pálmason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.